

# Flokkunartafla

## Græna tunnan



### Flokkur

### Hvað tilheyrir

### Frágangur

#### Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. **Fer beint í Grænu tunnuna**, án umbúða.

#### Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

**Fer beint í Grænu tunnuna**, án umbúða.

#### Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.

Fjarlægja matarleifar og skola fernur. **Fer beint í Grænu tunnuna**, t.d. í fernu sem fyllt er mörgum fernum.

#### Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma

Fjarlægja matarleifar og efnaleifar. Smáhlutir fara í **Grænu tunnuna í gegnsæjum plastpoka**. Stærri hlutir **fara beint í tunnuna**

#### Málmar



Smáhlutir úr málmi, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar.

Fjarlægja matarleifar. **Má fara beint í Grænu tunnuna**.